

物載德厚

Sjö ára börn læra kínversku



Þorgerður Anna Björnsdóttir kennir börnum í fyrsta og öðrum bekk kínversku. Myndir | Hári

„Þau átta sig ekki á því að kínverska eigi að vera erfitt tungumál, eins of fólk ímyndar sér oft þegar það er eldra,“ segir Þorgerður Anna Björnsdóttir sem kennir krökkum í fyrsta og öðrum bekk í Vesturbæjarskóla kínversku. Þorgerður kennir hverjum bekk í 20 mínútur á viku með dyggri hjálp aðstoðar-kennarans Mings, sem er lítil tuskupanda. Er hver kennslustund byggð upp á því að fara í leiki á kínversku auk þess sem Þorgerður sýnir krökkunum myndir og kennir þeim ýmis grundvallarorð í kínversku, t.d. um dýr sem ávallt eru vinsæl hjá krökkum á þessum aldri.

Björn Reynir Halldórsson
ritstjorn@frettatiminn.is

Kennslan er á vegum Konfúsíusarstofnunar sem Þorgerður starfar hjá og er kennslan skól-anum að kostnaðarlausu. Grunn-skólum í Reykjavík var boðið að fá kínverskukennslu og hafa bæði Landakotsskóli og Ísaksskóli boðið upp á slíka kennslu í vali í frístund. „Vesturbæjarskóli tók þetta svo alla leið: Komdu og kenndu öllum í 1. bekk,“ segir Þorgerður. Til viðbótar við áður nefnda skóla er einnig boðið upp á kínverskukennslu í nokkrum framhaldsskólum í samstarfi við Konfúsíusarstofnun og eru það kennarar sem hafa kínverskuna að móðurmáli sem sinna henni, auk kennslu á háskólastigi. Hins vegar var Þorgerður fengin til þess að kenna börnum á neðri stigum grunnskóla kínversku og er hún nú að kenna þriðja árið í röð í Vesturbæjarskóla en fyrsta árið kenndi hún bara fyrsta bekk og hélt svo áfram með þann árgang upp í annan bekk.

Sjálf hóf Þorgerður hins vegar nám í kínversku upphaflega sem aukafag með málvísindum en ákvað svo að klára einnig BA-gráðu í kínversku þar sem eitt árið fór í skiptinám í Kína. Síðan þá leitaðist hún við að halda kunnáttu sinni í málinu við og hélt aftur til Kína til að læra málið frekar og hóf svo störf hjá Konfúsíusarstofnun samhliða því að vinna í ferðamennsku.

Enska úr Minecraft

Þetta framtak hjá Konfúsíusarstofnun og Vesturbæjarskóla mætti þó ákveðnum efasemdum til að byrja með: „Það voru einhverjir foreldrar sem leist ekkert á blikuna því þau voru ekki með í ráðum. Hvað er í gangi, á barnið mitt að fara að læra kínversku? Þau voru þó fljót að róast þegar þau komust að því að þetta eru bara 20 mínútur á viku,“ segir Þorgerður. Krakkarnir fá líka að skoða alls konar tákn en byrja ekki mikið að læra að skrifa þau enda eru fyrstu bekkingar að læra íslenska stafrófið á þessum aldri. Kínverskukennslan í frístund Landakotsskóla og Ísaksskóla nýtur töluverðra vinsælda og myndast oft biðlistar til að komast þar að.

Aðspurð um það hvort það sé

ekki svolítið óvenjulegt að svo ungir krakkar læri kínversku svarar Þorgerður: „Jú, bæði já og nei. Sjálf ólst ég upp í Svíþjóð svo ég vandist því frá unga aldri að læra sænsku og íslensku jöfnum höndum, svo ég veit það af eigin raun að börn eru svo móttækileg fyrir nýju tungumáli. Ég er svo þakklát fyrir að hafa fengið gefins tungumál. En, jú ég hef verið spurð af hverju sé verið að kenna kínversku sem fyrsta erlenda tungumál og hver sé pælingin á bak við það. Ætti þetta ekki að vera enska? Þá svara ég að við erum að skemmta okkur og breikka sjóndeildarhringinn, svo öðlast þau smá innsýn í framandi menningarheim. Svo við lærum ýmislegt um Kína og þetta er skemmtileg tilbreyting í skólavíkuna.“ Þegar talið berst að enskunni hefur Þorgerður ekki miklar áhyggjur: „Þau eru mörg byrjuð að læra mikið í ensku. Eins og við þekkjum úr æsku þá lærir maður svo mikið úr sjónvarpinu og tölvuleikjum. Þau læra t.d. úr Minecraft, það er rosalega mikil enska í Minecraft,“ segir Þorgerður og bætir við: „Kínverskuna heyra þau ekki í sjónvarpinu og tölvuleikjum. Þau kynnast henni bara í gegnum mig og Ming.“

„Ég hef verið spurð að því af hverju sé verið að kenna kínversku sem fyrsta erlenda tungumál og hver er pælingin á bak við það. Ætti þetta ekki að vera enska? Þá svara ég að við erum að skemmta okkur og breikka sjóndeildarhringinn, svo öðlast þau smá innsýn í framandi menningarheim.“

Kenndi börnum í Kína ensku

Þorgerður telur kennsluna vera áskorun fyrir sig enda er hún ekki kennaramenntuð. Hún býr þó vel að því að hafa kennt börnum á leikskólaaldri í Kína ensku. „Ég tók mikið af reynslunni af því að kenna ensku í Kína. Ég er sjálf að læra hvernig á að gera þetta - hvernig á að vera bæði skemmtilegi kennarinn og halda aga. Ég velti fyrir mér hvernig það er að vera ein með 20 krakka. Þegar maður er að ►



FLOTTU AFMÆLISTERTURNAR FÁST HJÁ OKKUR

Skoðaðu úrvalið á okkarbakari.is



Strikinu 3 • lönbúð 2 • Garðabæ • 565 8070 • facebook.com/okkarbakari



Krakkarnir læra ekki bara orð úr kínversku heldur líka ýmislegt úr sögu Kína og um kínverska menningu.